



Samtakahópurinn, fundur haldinn 13.11.2024 kl. 14:00 í

Ráðhúsi Reykjanesbæjar Tjarnargötu 12

Mætt: Hafþór Barði Birgisson, Sigrún Guðbjörg Magnúsdóttir, Kristjana Atladóttir, Guðfinna Eðvarðsdóttir, Ragnildur Birna Hauksdóttir, María Guðmunda Pálsdóttir, Una Björk Kristófersdóttir, Kristján Freyr Geirsson og Gunnhildur Gunnarsdóttir sem jafnframt ritaði fundargerðina

Fundargerð

Foreldrafundur

- Eins og fram kom í síðustu fundargerð hefur Samtakahópurinn áhyggjur af skjánotkun barna- og ungmenna og velti fyrir sér hvernig væri hægt að ná til foreldra varðandi eftirlit og öryggi. Rætt var um hugmyndir af foreldrafundum innan hvers grunnskóla. Helsta markmið þessara samtaka-fundar var að skipuleggja foreldrafund sem haldinn verður innan hvers skóla.

Hópurinn var sammála um það að fá Skúla Braga Geirdal frá Fjölmíðlanefnd til þess að koma og vera með erindi fyrir foreldra. Hópurinn óskar eftir því að erindið miði að fræðslu um jafnvægi í skjátíma, miðlalæsi og netöryggi barna í starfrænni tilveru. Í lok erindis mun starfsfólk Fjörheima stýra hópavinnu þar sem foreldrar munu fá tækifæri til að vinna bekkjarsáttmála um skjátíma og samfélagsmiðlanotkun barnanna.

Tekin var ákvörðun um að bjóða foreldrum barna á yngsta stigi á foreldrafundinn þar sem líklegt er að flest þeirra séu ekki byrjuð á samfélagsmiðlum. Ef vel til tekst mun Samtakahópurinn bjóða foreldrum barna á miðstigi á foreldrafund eftir áramót.

Hópurinn ákvað að sendur yrði út póstur á alla foreldra en þeir foreldra sem melda ekki komu sína fá símtal frá starfsfólki skólans.

Hafa þarf í huga að fá túlka og senda tölvupóstinn út á fleiri tungumálum en íslensku.

Gunnhildur tók að sér að leggja lokahönd á skipulag og hafa samband við Skúla Braga Geirdal.



Forvarnardagur fyrir 9. bekk í grunnskólum Reykjaneshæjar

- Á dögunum stóðu Fjörheimar félagsmiðstöð, Unglingaráð Fjörheima og Samtakahópurinn fyrir vel heppnuðum forvarnardegi fyrir ungmenni í 9. bekk í grunnskólum Reykjaneshæjar. Áherslur voru á líðan og öryggi ungmenna í samfélaginu, þar sem áhyggjur af ofbeldi og vopnaburði meðal ungmenna hafa verið í brennidepli. Ungmenni í unglíngaráði Fjörheima skipulögðu fræðsluna, ásamt því að taka virkan þátt í uppsetningu og framkvæmd forvarnardagsins. Markmiðið var að skapa fræðandi og hvetjandi umhverfi þar sem ungmenni gætu fengið innsýn í mikilvægi forvarna og bættu líðan. Á forvarnardeginum var boðið upp á fjóra áhugaverða fyrirlestra:
 - Fyrirlestur um ofbeldi og vopnaburð: Krissi lögga
 - Fyrirlestur frá barnavernd: starfsfólk frá barnavernd Reykjaneshæjar
 - Fyrirlestur um vímuefnaneyslu og afleiðingar: vímuefnafræðslan Veldu frá Heilsulausnum
 - Fyrirlestur um sjálfstyrkingu: starfsfólk Fjörheima félagsmiðstöðvarViðbrögð ungmenna voru mjög jákvæð og lýstu bæði ungmenni, starfsfólk skóla og skipuleggjendur ánægju sinni með daginn. Sérstakar þakkir til ungmenna í Unglingaráði Fjörheima.

Umræður

- **Áfengi og vímuefni:** rætt var um sölu á áfengi og vímuefnum til ungmenna. Hópurinn hefur áhyggjur af meira framboði og aðgengi fyrir ungmenni.
- **Teams svæði fyrir Samtakahópinn:** Á fundinum kom upp hugmynd af því að stofna Teams svæði fyrir Samtakahópinn. Meðlimir töldu það góðan vettvang til þess að deila hugmyndum og hlaða inn skrá og fundargerðum. Gunnhildur tók að sér að hafa samband við tölvudeild Reykjaneshæjar.

Fundi slitið kl. 15:00

Næstu fundur: fimmtudaginn 12. des. kl.14:00 í Ráðhúsinu